



## **Fundur í byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 29. október kl. 10:00 2013 í fundarsal í Végarði.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, form. byggingarnefndar

Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi í byggingarnefnd

Jón Þór Þorvarðarson, fulltrúi í byggingarnefnd

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

### **1. Tengivirki Fljótsdalsstöðvar. Staði undir varaspenni.**

Landsnet áformar að koma fyrir varaspenni við tengivirki Fljótsdalsstöðvar. Þetta er gert til þess að auka rekstaröryggi raforkukerfisins. Bætt er við einum 100 MVA spennu og 75 MVA spennir sem nú er í rekstri er hafður á spennastæðinu, ótengdur til vara sem sagt ekki í rekstri. Byggja þarf nýja undirstöðu með safnþró fyrir olíu vegna hugsanlegs olíuleka sem tengd verður olíuskiljuckerfi tengivirkisins. Olíumagn á nýja 100 MVA spenninum er minna en á núverandi 75 MVA spennu sem nú er í notkun, svo að ekki þarf að stækka það olíuskiljuckerfi sem er til staðar. Teikning af undirstöðu varaspennisins er frá VERKÍS verkfræðistofu. Stærð hennar er 10,00 m x 11,00 m. Byggingarnefnd samþykkir umrædda framkvæmd fyrir sitt leyti.

### **2. Eyrarlandsvirkjun ofan vegar við Eyrarland.**

Lagðar fram teikningar af steinsteyptri stíflu í læk í Bessastaðafjalli og lega á aðrennslislögn milli stíflu og túrbínu. Túrbína og rafall eru í lítlum járnslögnum gámi (stærð 2,0 m x 2,5 m og hæð um 3 m). Eyrarlandsvirkjun er um 7 kw að afli og fallið um 65 m. Vatn frá stöðvarhúsinu er leitt út með þjóðvegi ofan vegar og í gegnum hann í ræsi innan við Litlu-Grund og síðan í skurði niður í Bessastaðaá. Athygli er vakin á að innan við Litlu-Grund er afmarkaður reitur á skipulagsuppdrætti undir þjónustu/verslun og er stöðvarhúsið í jaðri þess reits. Athygli er vakin á að Vegagerðin helgar sér 30 m breitt svæði undir veginn þ.e. 15 m til sitt hvorrar handar við miðlínu vegarins og gæta verður þess að frárennslisskurður út með veginum sé utan þess svæðis. Að þessum ábendingum gerðum samþykkir byggingarnefnd umrædda framkvæmd fyrir sitt leyti.

### **3. Hugsanleg áform um byggingu og breytingar í Víðivallargerði.**

Þorsteinn Pétursson kom að tali við byggingarfulltrúa og reyfaði lauslegar hugmyndir sínar um breytingar á gamla íbúðarhúsinu og byggingu á nýju íbúðarhúsi á jörðinni. Málið er á hugmyndastigi enn sem komið er, en byggingarfulltrúi gerð Þorsteini grein fyrir nauðsynlegum undirbúningsaðgerðum vegna hugsanlegra framkvæmda.

#### **4. Skráning gagna í þjóðskrá.**

Frá síðasta fundi bygginganefndar hafa eftirfarandi eignir verið skráðar í þjóðskrá og/eða breytingar við fyrri skráningu:

- a) Lóðin við Végarð. Skráning á eignaskiptayfirlýsingu. Lóðin er 41.580 m<sup>2</sup>. Sjá fundargerð frá 13. júní.
- b) Erindi frá eigendum Hamborgar og Hrafnkelsstaða um breytta skráningu á eignarhaldi á landskikum á Hamborgarnesi. Sjá fundargerð frá 13. júní.
- c) Send gögn um skráningu á íbúðarhúsi Hallgríms og Önnu Bryndísar á Skriðuklaustri. Húsið er skráð fokheld.
- d) Send gögn um skráningu á Óbyggðasafni á Egilsstöðum. Byggingin er skráð fokheld.
- e) Staðfesting send um verkstöðu á gestastofu á Melum.

#### **5. Mannvirkjastofnun. Fundur byggingarfulltrúa 17. og 18. október í Rvík um breytt starfsumhverfi í kjölfar gildistöku laga nr. 160/2010.**

Byggingarfulltrúi sagði frá fundinum, þar sem gerð var grein fyrir breytingum á starfsumhverfi byggingarfulltrúa samfara gildistöku áðurgreindra laga.

Meðal annars þurfa byggingarfulltúar að taka í notkun gæðastjórnunarkerfi, hver í sínu umdæmi fyrir 1. janúar 2015. Til þess var mælt að sveitarstjórnnum væri sérstaklega gerð grein fyrir þessu ákvæði í lögnum, þannig að gerðar verði viðhlítandi ráðstafanir til þess að vinna að verkefninu nægjanlega tímanlega og fjármunir tryggðir til þess.

#### **6. Kynning á vinnu við gerð aðalskipulags fyrir Fljótsdalshrepps.**

Haldinn var kynningarfundur fimmtudaginn 24. október um vinnuna við gerð aðalskipulagsins. Starfsmenn Landmótunar þeir Einar E. Sæmundsen og Óskar Örn Gunnarsson fóru yfir drög að greinargerð með aðalskipulaginu og kynntu skipulagsuppdrætti. Fyrir hönd byggingarnefndar mættu Helga og Sveinn á fundinn sem var mjög gagnlegur bæði fyrir fundarmenn svo og fyrir framvindu vinnunar við aðalskipulagsgerðina.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign:

Eiríkur J. Kjerúlf

Helga Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson